

Nd.

12. Frumvarp til laga

[12. mál]

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála nr. 74 21. ágúst 1974.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Við 8. gr. bætist nýr töluliður, 7. töluliður, svo hljóðandi: Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, lögreglustjórinn í Reykjavík og fulltrúar þeirra.

2. gr.

1. mgr. 24. gr. laganna orðist svo:

Nú þykir verknaður að vísu refsiverður að landslögum, en þó þykir mega telja, að hvorki almenningshagsmunir né almenningsálit krefjist málshöfðunar né refsisdóms, svo sem ef langt er liðið síðan brot var framið, án þess þó að refsikrafa sé fyrnd, og sökunautur hefur síðan hegðað sér óaðfinnanlega, ef telja má álit manna á verki hafa breyst sökunaut í hag síðan refsíákvæði var sett, ef telja má brot mjög lítilsvert eða miklar eru málsbætur, brot hefur valdið sökunaut sjálfum sérstaklega óvenjulegum þjáningum o. s. frv., og getur þá héraðsdómari, rannsóknarlögreglustjóri ríkisins eða lögreglustjóri sent ríkissaksóknara tillögur um niðurfellingu saksóknar. Ríkissaksóknari getur bæði að tillögu framangreindra aðila og af sjálfdáðum lagt til, að saksókn verði felld niður. Dómsmálaráðherra ákveður síðan eða gerir tillögu um, hvort neyta skuli heimildar stjórnarskrár eða annarra laga, er þar um kynnu að vera sett, um niðurfellingu saksóknar.

3. gr.

1. mgr. 27. gr. laganna orðist svo:

Nú er brot framið hér á landi utan allra lögsagnarumdæma og ákvæðum 26. gr. verður ekki við komið, og ákveður ríkissaksóknari þá, hvar mál skuli höfðað.

4. gr.

1. mgr. 29. gr. laganna falli niður.

5. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Sýslumenn eru lögreglustjórar utan kaupstaða og bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur. Þar sem sérstakir lögreglustjórar eru skipaðir fara þeir með lögreglustjórn. Þar sem ekki eru skipaðir sérstakir lögreglumenn, aðstoða hreppstjórar lögreglustjóra.

Lögreglustjórar, þar með talinn rannsóknarlögreglustjóri ríkisins, halda uppi löggæslu hver í sínu umdæmi. Skulu þeir, er þeir telja heppilegt eða nauðsynlegt, hefja rannsókn vegna gruns um, að refsivert verk hafi verið unnið, hvort sem þeim

hefur borist kæra eða ekki. Háðir eru þeir fyrirmælum ríkissaksóknara í þessum efnunum.

Lögreglan (rannsóknarlögregla ríkisins) fer með frumrannsókn opinberra mála, að því leyti sem slík rannsókn er ekki falin öðrum stjórnvöldum (landhelgisgæslu, rannsóknardeild ríkisskattstjóra, rannsóknardeild tollgæslu o. s. frv.) eða dómstólum lögum eða venju samkvæmt. Markmið frumrannsóknar er að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að handhafa ákærvalds sé fært að ákveða að henni lokinni, hvort opinbert mál skuli höfðað, og afla gagna til undirbúnings dómsmeðferðar, sbr. þó 73. gr.

Rannsóknarlögregla ríkisins annast frumrannsókn brota samkvæmt þeim reglum, sem greinir í lögum um hana.

Dómsmálaráðherra setur lögreglumönnum fyrirmæli um rannsókn brota að fengnum tillögum ríkissaksóknara, rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og lögreglustjóra í Reykjavík.

6. gr.

2. mgr. 33. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra setur reglur um kennslu lögreglumanna, prófkröfur og önnur hæfisskilyrði að fengnum tillögum ríkissaksóknara, rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og lögreglustjóra í Reykjavík. Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins hefur umsjón með kennslu og prófun lögreglumanna í öllu, er lýtur að rannsókn brota.

7. gr.

2. mgr. 35. gr. orðist svo:

Gefa skulu lögreglumenn yfirmanni sínum eða dómara skýrslu um aðgerðir sínar, svo fljótt sem unnt er.

8. gr.

Orðin „áður en til dómara næst og síðan, eftir því sem þörf þykir og dómari ákveður“ í 39. gr. laganna falli niður.

9. gr.

Aftan við 40. gr. laganna bætist ný málsgrein (8. mgr.), svo hljóðandi:

Að lokinni frumrannsókn sendir sá, sem henni hefur stjórnað ríkissaksóknara endurrit af rannsókninni. Ríkissaksóknari getur mælt fyrir um frekari rannsóknar- aðgerðir, ef hann telur nauðsyn á. Mál, sem ætla má að afgreiða megi án málshöfðunar samkvæmt ákvæðum 112. gr., sendir lögreglustjóri (rannsóknarlögreglustjóri ríkisins) til viðkomandi dómara. Telji dómari mál, sem honum eru þannig send, ekki falla undir ákvæði 112. gr., sendir hann þau áfram til ríkissaksóknara til frekari ákvörðunar.

10. gr.

Orðin „sakadómari eða“ í upphafi 42. gr. laganna og sömu orð í 3. málsgrein sömu greinar, falli niður.

11. gr.

73. gr. laganna orðist svo:

Nú þykir þörf á aðgerðum, sem að lögum þarf til atbeina dómara, eða nauðsynlegar eru að öðru leyti vegna rannsóknar máls, meðan frumrannsókn stendur yfir, og getur lögreglustjóri eða rannsóknarlögreglustjóri þá snúið sér til dómara með beiðni um slíkar aðgerðir. Beiðnin skal vera skrifleg eða borin fram munnlega á dómþingi, og fylgi nauðsynleg gögn. Dómari getur krafist lögreglustjóra eða rannsóknarlögreglustjóra ríkisins um þau gögn eða þær aðgerðir, sem hann telur nauðsynlegar, áður en hann tekur beiðni til úrlausnar.

Nú telur dómari ekki efni til þess að verða við beiðni um dómsaðgerðir samkvæmt 1. mgr. og getur lögreglustjóri eða rannsóknarlögreglustjóri ríkisins þá krafist úrskurðar dómara um synjunina. Slíkum úrskurði getur ríkissaksóknari skotið til æðri dóms samkvæmt reglum um kæru.

Lögreglustjóri, sem jafnframt er sakadómari, getur hafið frumrannsókn máls fyrir dómi, þegar hann telur það heppilegt.

12. gr.

74. gr. laganna orðist svo:

Nú telur ríkissaksóknari að lokinni frumrannsókn rannsóknarlögreglu, lögreglustjóra eða annarra aðila (sbr. 32. gr.) ekki fært að taka ákvörðun um það, hvort höfða skuli opinbert mál eða ekki, eða hvernig máli skuli ljúka, og getur hann þá beiðst rannsóknar fyrir dómi, til þess að nauðsynleg atriði verði í ljós leidd í þessu skyni.

Í beiðni um dómsrannsókn skal greina:

1. Nafn og heimili sökunautar og önnur deili á honum.
2. Það eða þau brot, sem honum eru gefin að sök og rannsókninni er ætlað að beinast að.
3. Skrá um þau gögn, sem ætlast er til, að fram verði færð við rannsóknina.

Beiðni um dómsrannsókn skulu fylgja gögn um frumrannsókn í nægilega mörgum eintökum.

Er dómsrannsókn fer fram, á dómari rétt á aðstoð lögreglu (rannsóknarlögreglu ríkisins) við rannsóknina og getur krafist tiltekinna rannsóknaraðgerða lögreglu eftir því sem nauðsyn ber til.

Nú telur dómari ekki efni til þess að verða við beiðni ríkissaksóknara um dómsrannsókn og getur ríkissaksóknari þá krafist úrskurðar dómara um synjunina. Slíkum úrskurði getur ríkissaksóknari skotið til æðri dóms samkvæmt reglum um kæru.

Eftir að dómari tekur mál til rannsóknar skal framkvæma ráðstafanir þær, sem í 36. gr. getur, ef skilyrði eru til, svo og kveða á um framhald þeirra, ef lögreglumenn hafa gert þær. Haldast skulu þessar ráðstafanir uns dómur gengur, ef því er að skipta, en felldar skulu þær niður, jafnskjótt sem úr er bætt, þar sem það á við, eða rannsókn eða málshöfðun er látin falla niður.

Að lokinni dómsrannsókn lætur dómari svo fljótt, sem unnt er gera endurrit af rannsókninni og senda ríkissaksóknara hana ásamt gögnum máls.

13. gr.

Framan við 75. gr. laganna komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Dómara ber að rannsaka af sjálfsdáðum og sjálfstætt öll sakaratriði, enda þótt lögreglumenn hafi áður rannsakað og gert skýrslu um þau atriði. Nú hefur sökunautur játað á sig brot, og skal dómari þá allt að einu prófa það, hvort sú játning er sannleikanum samkvæm.

14. gr.

Aftan við 80. gr. laganna bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Heimilt er dómara að skipa sökunaut réttargæslumann við rannsókn máls hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. eftir því sem þau eiga við.

15. gr.

Á eftir 1. mgr. 86. gr. laganna komi ný málsgrein sem verður 2. málsgrein:

Grunaður maður, sem fengið hefur skipaðan réttargæslumann, á rétt á því að réttargæslumaður sé viðstaddur yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu, enda þyki það hæftulaust vegna rannsóknar málsins. Dómari úrskurðar um þetta atriði, ef ágreiningur verður.

16. gr.

1. mgr. 106. gr. laganna orðist svo:

Líkskoðun skal fram fara, ef lögreglustjóri (rannsóknarlögreglustjóri ríkisins), dómari eða ríkissaksóknari telja nauðsynlegt.

17. gr.

112. gr. laganna breytist þannig:

1. Í 2. málsgrein komi kr. 25.000,00 sekt í stað „kr. 10.000,00 sekt“.
2. Í 3. málsgrein komi kr. 7.000,00 sekt í stað „kr. 3.000,00 sekt.“

18. gr.

113. gr. laganna falli niður.

19. gr.

114. gr. laganna falli niður.

20. gr.

115. gr. laganna orðist svo:

Er ríkissaksóknari hefur fengið í hendur rannsóknargögn máls og telur ekki ástæðu til að krefjast frekari rannsóknar, annaðhvort skv. 8. mgr. 40. gr. eða 74. gr. (dómsrannsóknar), athugar hann, hvort mál skuli höfða eða ekki. Ef hann telur það sem fram er komið eigi nægilegt eða líklegt til sakfellis, lætur hann við svo búið standa, en ella getur hann:

- a) neytt heimildar 24. gr., ef svo stendur á, sem þar greinir,
- b) frestað, ef við á, ákæru skv. 56. gr. alm. hegningarlaga,
- c) óskað eftir því að dómari ljúki máli með dómsátt, ef svo stendur á sem í 2. tl. 112. gr. segir,
- d) gefið út ákæru á hendur sökunaut eða sökunautum.

Í ákæruskjali skal greina svo ekki sé um villst:

1. Dómstól þann, sem mál er höfðað fyrir.
2. Nafn sökunautar, heimilisfang og önnur deili á honum.
3. Hvert það brot, sem sök er gefin á, stað og stund eftir föngum, er það var fram-ið, það heiti, sem það hefur í lögum, og aðra skilgreiningu, og loks það eða þau lagaákvæði, sem brot er talið varða við.
4. Þær kröfur sem gerðar eru, svo sem kröfur um refsingu, réttindamissi, eignar-töku, skaðabætur, greiðslu sakarkostnaðar o. s. frv.

Í ákæruskjali skal ekki skírskota til fram kominna sannana né setja þar lög-fræðilegar athugasemdir framar en sagt er.

Dómari ritar ákvörðun sína um stað og stund til þingfestingar máls á ákæru-skjal og lætur birta það fyrir sökunaut með venjulegum hætti eða fyrir dómi. Um leið og ákæra er birt sökunaut skal hann spurður um það, hvort hann vilji halda uppi vörnum eða fá verjanda, og hvern, ef því er að skipta.

21. gr.

Síðasti málsliður 116. gr. orðist svo:

Ákærða skal afhenda eftirrit af ákæruskjali.

22. gr.

Orðin „svo og dómari samkvæmt 114. gr.“ í 1. mgr. 118. gr. falli niður.

23. gr.

120. gr. laganna orðist svo:

Þegar ákæra hefur verið birt sökunaut, nefnist hann ákærði og málið er nefnt: Ákæruvaldið gegn N. N.

24. gr.

1. málsliður 1. málsgreinar 121. gr. laganna orðist svo:

Að liðnum þeim fresti, sem til var tekinn samkvæmt síðustu málsgrein 115. gr. eða 117. gr., setur dómari dómþing og þingfestir mál.

25. gr.

122. gr. laganna orðist svo:

Mál skal taka til dóms í þinghaldi samkvæmt 121. gr., ef sökunautur kemur fyrir dóm og játar skýlaust háttsemi þá, sem honum er gefin að sök, og þarf þá ekki að færa fram önnur sönnunargögn. Ávallt skal þó dómari gæta ákvæða 1. mgr. 75. gr. laga þessara.

Ef ákærði neitar sakarefni að nokkru leyti eða öllu, skal fram færa sönnunargögn svo og ef dómari annars telur slíkt nauðsynlegt eða þess er krafist af hálfu ákærvaldsins eða sökunautar.

26. gr.

Fyrri málsgrein 125. gr. laganna orðist svo:

Nú eru öll gögn fram komin og vörn hefur verið flutt eða lögð fram, og tekur dómari málið þá til dóms.

27. gr.

126. gr. laganna falli niður.

28. gr.

127. gr. laganna falli niður.

29. gr.

129. gr. laganna orðist svo:

Nú kemur ákærði ekki fyrir dóm, er mál skal fyrir taka, þótt honum hafi verið birt ákæra með löglegum hætti skv. síðustu mgr. 115. gr. eða 117. gr., og er ekki kunnugt um forföll hans, og má þá fara með mál og leggja á það dóm, ef fullnægt er skilyrðum 1. eða 2. tl. hér á eftir.

1. Sökunautur hefur komið fyrir dóm, áður en ákæra var út gefin og játað þar skýlaust alla þá háttsemi, sem honum er gefin að sök og máli skiptir, ekkert veikir þá játningu og vafalaust má þykja um aðrar staðreyndir, svo sem þær er orka kunna refsihækkun eða refsilækkun, refsileysi eða niðurfelling refsingar, sakhæfisskortir eða notkun lagaákvæða.
2. Ætla má að brot varði eigi yfir 100 000 króna sekt og eignaupptöku og þess hefur verið getið í ákæru, að fjarvist ákærða kunni að verða metin til jafns við viðurkenningu hans og að dómur gangi um málið, þótt hann komi ekki.

30. gr.

1. málsliður 145. gr. laganna orðist svo:

Nú kemur það í ljós í rannsókn opinbers máls, að þriðji maður hefur beðið tjón af háttsemi þeirri, sem sökunautur er horinn og skal þá lögreglumaður sá eða dómari, sem rannsókn málsins annast, þegar er efni standa til, benda þriðja manni á það, að hann eigi þess kost að koma bótakröfu sinni að í væntanlegu refsímáli, og að þar megi dæma hana, ef hún verði nægilega skýrð án verulegra tafa eða óhagræðis í því máli.

31. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta Alþingi var lagt fram frumvarp til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins ásamt tveim fylgifrumvörpum, frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 74/1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl. og frumvarpi til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Í greinargerð með síðastnefnda frumvarpinu sagði svo:

„Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er fylgifrumvarp (annað tveggja) frumvarps til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins. Í athugasemdum með því frumvarpi var gerð grein fyrir ástæðum framlagningar þess og tildrögum, hverjir hafi samið frumvarpið og hverjir hafi um það fjallað. Vísast til þeirra athugasemda um þau atriði.

Ljóst mátti vera, að breyting sú, sem gert er ráð fyrir með aðskilnaði rannsóknarlögreglu og sakadóms í frumvarpi til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins, mundi óhjákvæmilega leiða af sér talsverðar breytingar á lögum um meðferð opinberra mála. Í lagafrumvarpi þessu er gert ráð fyrir þeim breytingum, sem telja má óhjákvæmilega afleiðingu af lögfestingu frumvarps til laga um rannsóknarlögreglu ríkisins, ef af verður, svo og nokkrum smávægilegum breytingum, sem rétt þótti að taka með, þó að ekki megi telja þær beint óhjákvæmilegar.

Þá er með lagafrumvarpi þessu gerð tillaga um verulega breytingu á reglum um rannsókn brotamála bæði hjá lögreglu og í dómi, sem nú skal að vikið.

Með eflingu rannsóknarlögreglu, svo sem gert er ráð fyrir í frumvarpi um rannsóknarlögreglu ríkisins, opnast möguleikar til að flytja rannsóknir opinberra mála að verulegu leyti úr höndum sakadómar, sem síðar koma til með að dæma í málunum, til rannsóknarlögreglu. Þannig getur náðst að miklu leyti eða öllu sá aðskilnaður, sem menn vilja almennt stefna að, milli lögreglurannsóknar og dómsvalds. Vel mætti hugsa sér að stíga það spor til fulls, þannig að niður yrði lagt með öllu rannsóknarréttarfar (inquisitio) í opinberum málum og tekið upp að fullu svokallað ákæruréttarfar. Með lagafrumvarpi þessu hefur verið valin sú leið, að stíga ekki sporið til fulls, en að halda áfram á þeirri braut, sem farin hefur verið síðan 1951, þ. e. að þróa réttarreglur að því takmarki.

Með þessu frumvarpi er lagt til að notað verði það hagræði og beir möguleikar, sem stofnun rannsóknarlögreglu veitir, til þess að flytja rannsóknir brotamála að mjög verulegu eða langmestu leyti frá sakadómurum til rannsóknarlögreglu, en leggja þó rannsóknarréttarfar það, sem gilt hefur í opinberum málum hér á landi, ekki alfarið niður. Reynist sú breyting svo vel, sem vonast er eftir, er ekki eftir nema tiltölulega lítið spor, sem þá mætti stíga í einu lagi, til þess að koma á fullkomnu ákæruréttarfari. Helstu breytingarnar á meðferð mála eru þær, að í frumvarpinu er gert ráð fyrir þeirri aðalreglu, að mál verði rannsökuð af rannsóknarlögreglu án atbeina dómara, nema þar sem beiðast þarf dómsúrskurðar vegna gæsluvarðhalds eða þess háttar. allt þar til mál fara til ríkissaksóknara til fyriragnar. Getur ríkissaksóknari bá krafist framhaldsrannsóknar hjá rannsóknarlögreglu, framhaldsrannsóknar í sakadómi eða gefið út ákæru samkvæmt framlögðum gögnum og sent málið sakadómi.

Málið hlýtur sem sé þá fyrst meðferð í sakadómi, er ríkissaksóknari gerir kröfu um það.

Ekki verður það talið til neinnar hindrunar framkvæmd reglna þessara, að sami maður fer með dómsvald í sakamálum og stjórnar lögreglu í umdæmum utan Reykjavíkur. Hann stjórnar þá frumrannsókn sem lögreglustjóri, en í meiri-háttar málum leitar hann til rannsóknarlögreglu ríkisins, sem tekur við rannsókn og kemur málið síðan á síðara stigi fyrir hann sem sakadómar.

Þá þykir rétt, að hér komi fram, að við samningu frumvarps þessa hefur í verulegum atriðum verið stuðst við hugmyndir, sem Halldór Þorbjörnsson, yfir-sakadómari, setti fram í grein í Útljóti I. tölublaði XXV. árgangs árið 1972.“

Allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis sendi framangreind frumvörp ýmsum aðilum til umsagnar. Frumvörpin hlutu ekki afgreiðslu Alþingis og á s.l. sumri sendi dómsmálaráðuneytið réttarfarsnefnd til athugunar þær 6 umsagnir, sem allsherjarnefnd höfðu borist. Í umsögn Lagadeildar Háskóla Íslands, ríkissaksóknara og yfirsakadórnara í Reykjavík eru tillögur um ýmsar breytingar á frumvarpinu um meðferð opinberra mála. Hefur réttarfarsnefnd rætt þessar tillögur svo og frumvarpið í heild á nokkrum fundum. Telur hún rétt að leggja til að teknar verði til greina ýmsar tillögur í umsögnunum og að gerðar verði nokkrar aðrar breytingar. Hefur nefndin tekið þann kost að semja nýtt frumvarp. Verður gerð grein fyrir breytingum frá fyrra frumvarpi, þar sem rætt er um einstakar geinar hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Óbreytt frá fyrra frumvarpi. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Óbreytt frá fyrra frumvarpi, en þar sagði svo í athugasemdum við greinina: „Breyting er í því fólgin, að bætt er við rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og lögreglustjóra sem aðilum, er gert geti tillögu um niðurfellingu saksóknar. Er rannsókn hefur flust að verulegu leyti úr sakadómi til lögreglu, er eðlilegt, að þessir aðilar geti gert tillögu um niðurfellingu saksóknar, jafnt sem dómari.“

Um 3. gr.

Óbreytt frá fyrra frumvarpi, en þar sagði svo í athugasemdum við greinina: Þessi breyting er ekki nauðsynleg vegna breytingar á rannsóknarlögreglu. Hins vegar þykir rétt að leggja þá breytingu til, að ríkissaksóknari komi í stað héraðsdómara, er ákveða skal hvar mál skuli höfðað út af broti, sem framið er utan allra lögsagnarumdæma. Í sinni núverandi mynd fær lagagreinin vart staðist.

Um 4. gr.

Þessi grein var ekki í fyrra frumvarpinu. Ákvæði 1. mgr. 29. gr. eiga ekki við, þegar dómari fer ekki lengur með ákærvald.

Um 5. gr.

Grein þessi var 4. gr. fyrra frumvarps, en er nokkuð breytt. Hún hefur m.a. að geyma breytingu á 32. gr. laganna, sem nauðsynleg er, ef frumvarp um rannsóknarlögreglu ríkisins nær fram að ganga. Röð málsgreina hefur verið breytt frá fyrra frumvarpi og lítilsháttar efnisbreytingar hafa verið gerðar. Í sumum tilvikum er frumrannsókn brota falin öðrum stjórnvöldum en lögreglunni, og má þar nefna rannsóknardeild ríkisskattstjóra, rannsóknardeild tollgæslunnar, og landhelgisgæsluna. Stundum er lögákveðið að frumrannsókn máls fari fram fyrir dómi, t.d. rannsókn vegna sjóslysa í sjó- og verslunardómi. Þykir rétt að þetta komi skýrt fram og er það greint í 3. mgr. Í þeirri málsgrein er og orðalagsbreyting í samræmi við tillögu lagadeildar Háskóla Íslands. Loks er 4. mgr. styttri en samsvarendi mgr. í fyrra frumvarpinu, en þar er ekki um efnisbreytingu að ræða.

Um 6. gr.

Greinin var 5. gr. í fyrra frumvarpi og þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Greinin var 6. gr. í fyrra frumvarpi, en þar sagði svo í athugasemdum við hana: „Breyting er fólgin í því, að ætlast er til að lögreglumenn gefi yfirmönnum skýrslur í stað sakadómara eða annars héraðsdómara. Leiðir af fyrirhugaðri breytingu og þarfnast ekki skýringa.“

Um 8. gr.

Greinin var 7. gr. í fyrra frumvarpi og sagði þar um hana í athugasemdum: „Breyting er fólgin í því að almennt verði mál rannsökuð af rannsóknarlög-reglu þar til þau fara til ríkissaksóknara til fyrirsagnar eða til dómara til sektar-afgreiðslu (smámál). Hefur því dómari almennt ekki neitt forræði máls á því stigi rannsóknar, sem hér er fjallað um, sbr. þó lokaákvæði 73. gr.“

Um 9. gr.

Greinin var 8. gr. í fyrra frumvarpi og sagði þar svo í athugasemdum um hana: „Í þessari grein er helsta breyting, sem lagt er til að gerð verði á málsmeð-ferð, sbr. það sem greinir hér að framan. Með þeirri viðbót, sem hér er gert ráð fyrir við 40. gr. laganna er slegið fastri þeirri aðalreglu, að lögregla og lögreglu-stjórar annist frumrannsóknir mála án atbeina dómara, nema þar sem beiðast þarf dómsúrskurðar, allt til þess að mál fer til ríkissaksóknara til fyrirsagnar eða til dómara til sektarafgreiðslu.“

Um 10. gr.

Greinin var 9. gr. í fyrra frumvarpi og þarfnast ekki skýringa.

Um 11. og 12. gr.

Greinar þessar svara til 10. og 11. gr. fyrra frumvarps og sagði svo um þær í athugasemdum:

„Hér er lagt til að gerðar verði meginbreytingar í samræmi við það, sem að framan greinir um breytta málsmeðferð. Úr gildi eru felld ákvæði 73. gr. laganna um frumkvæðishlutverk dómara að rannsóknum brota. Með 4. gr. frumvarpsins er gerð sú breyting á 32. gr., sem samsvarar þessari niðurfellingu, þ.e. að frumkvæðishlutverkið flyst til rannsóknarlögreglu (lögreglustjóra). Með ákvæðum þessara greina í frumvarpinu (73. og 74. gr.) er gert ráð fyrir að dómsrannsóknir fari einungis fram að kröfu ríkissaksóknara og þá fyrst er ákveðinn maður er grun-aður og rannsóknarlögregla eða lögreglustjóri telur að sakarefni sé nokkuð skýrt orðið. Einnig eru ákvæði um það, hvernig rannsóknarlögregla (lögreglustjóri) geti leitað atbeina dómara til nauðsynlegra aðgerða (dómsúrskurða) meðan frum-rannsókn stendur. Þó er gerð sú undantekning að lögreglustjóri, sem jafnframt er sakadómari, getur hafið frumrannsókn fyrir dómi, ef hann telur það heppilegt.“ Það athugast, að 4. gr. fyrra frv. er 5. gr. þessa frv.

11. gr. er óbreytt frá því, sem var í fyrra frumvarpi, en 12. gr. hefur verið breytt til samræmis við breytingar á 5. gr. þessa frumvarps (sbr. 32. gr. laga nr. 74/1974). Breytingin stefnir að því að greiðari leið verði fyrir ríkissaksóknara að krefjast dómsrannsóknar í sérstökum tilfellum áður en ákæra er gefin út. Hins vegar telur réttarfarsnefnd ekki fært að fallast á jafnvíðtæka heimild til þessa og ríkissaksóknari leggur til í umsögn sinni. Þykir verða að gera það að skilyrði fyrir því, að dómsrannsóknar verði krafist, að einhverskonar frumrannsókn hafi farið fram þannig, að sakarefni það sem rannsókn á að beinast að verði nægilega skýrt tilgreint.

Rétt er að taka fram, að rannsóknarlögregla getur krafist þess skv. heimild í 11. gr. (sbr. 73. gr. laganna), að vitni, sem neitar að gefa skýrslu hjá henni, verði kvatt fyrir dóm til vitnisburðar.

Aftan við 12. gr. hefur verið bætt ákvæði um sendingu málgagna til ríkissaksóknara að lokinni rannsókn.

Um 13. gr.

Greinin var áður 12. gr. og sagði svo um hana í athugasemdum:

„Efni greinar þessarar eru 2 síðustu málslíðir 1. málsgreinar 73. gr. núgildandi laga. Þessi ákvæði þykir nauðsynlegt að verði áfram í lögum, þó að efni málsgreinarinnar falli að öðru leyti niður.“

Um 14. og 15. gr.

Þessar greinar voru ekki í fyrra frumvarpi. Þær eru í samræmi við tillögu lagadeildar Háskóla Íslands, en um þær segir svo í álitsgerð hennar:

„Þegar frumrannsókn færist úr hendi dómara yfir til rannsóknarlögreglu getur hlutlaus dómari ekki haft sama eftirlit með henni og áður. Hætta er á því að staða sakbornings kunnir við breytinguna að versna frá því sem nú er. Breytingartilögum þeim sem hér eru settar fram er ætlað að rétta hlut sakbornings nokkuð að þessu leyti. Áþekk réttarvernd til handa sakborningi er fyrir hendi í nágrannalöndunum.“

Um 16. gr.

Greinin var 13. gr. fyrra frumvarpsins og þarfnast ekki skýringa.

Um 17. gr.

Greinin var 14. gr. fyrra frumvarpsins. Breyting á fjárhæðum er til samræmis við verðbólguþróun að undanförunu.

Um 18. og 19. gr.

Greinarnar eru samhljóða 15. og 16. gr. fyrra frumvarpsins. Það er í samræmi við stefnu frumvarps þessa um aðskilnað ákærvalds og dómsvalds, að lagt er til að 113. og 114. gr. laganna um málshöfðun dómara verði felldar niður, enda hafa þær litlu hlutverki gegnt til þessa.

Um 20. gr.

Grein þessi kemur í stað 17. gr. í fyrra frumvarpinu. Að athuguðu máli þótti rétt að breyta 115. gr. í heild. Upphaf hennar eins og hún er nú er ekki allskostar eðlilegt miðað við þær meginbreytingar sem að er stefnt. Er hér lögð til lagfæring nokkur, og er hún tengd tillögu um breytingu á 74. gr.

Ákvæði um dómstólinn er sett hér fremst. Ákvæði þetta er eðlilegur hluti ákæruskjals. Hingað til hefur það aðeins komið fram í bréfi því, sem venja er að senda með ákæruskjölum, fyrir hvaða dómi (á hvaða varnarþingi) mál er höfðað.

Eðlilegt er að taka hér saman þá kosti, sem ríkissaksóknari hefur að rannsókn lokinni (niðurfelling, ákærufrestun, saksókn: a) með dómsátt, b) með málshöfðun.).

Um 21., 22. og 23. gr.

Greinar þessar voru samhljóða 18., 19. og 20. gr. fyrra frumvarpsins og hafa að geyma breytingar sem leiða af niðurfellingu 113. gr. og 114. gr. laganna.

Um 24. gr.

Greinin kemur í stað 21. gr. í fyrra frumvarpinu og er afleiðing breytinga á 115. gr. laganna.

Um 25. gr.

Greinin var 22. gr. fyrra frumvarpsins. Hún er til samræmis við breytingar á málsmeðferð, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Að öðru leyti þarfnast hún ekki skýringa.

Um 26. gr.

Greinin var 23. gr. fyrra frumvarpsins og er sama að segja um hana og næstu gr. hér á undan.

Um 27. gr.

Greinin var 24. gr. fyrra frumvarpsins og leiðir af niðurfellingu 113. gr. laganna.

Um 28. gr.

Greinin var ekki í fyrra frumvarpinu. Ákvæði 127. gr. og 129. gr. eru nú tekin saman í 129. gr.

Um 29. gr.

Greinin kemur í stað 25. gr. í fyrra frumvarpinu. Að athuguðu máli þótti rétt að sameina ákvæði 127. og 129. gr. með hliðsjón af niðurfellingu 113. og 114. gr. Greinin tilgreinir tvenns konar skilyrði til þess að sökunautur kunni að verða dæmdur, þótt hann komi ekki fyrir dóm. Síðari liðurinn á við um smámál og opnar leið til þess að gefa megi út ákæru, þar sem fjarvist verði lögð til jafns við játningu. Kemur þessi liður í stað 113. gr. að öðru leyti en því, að nú er það ríkissaksóknari, sem höfðar málið, en ekki dómari sjálfur. Þetta ákvæði á ekki við nema brot varði einungis sekt og eignaupptöku og kemur einkum til greina um smámál svo sem umferðarbrot.

Hinn liðurinn tekur til stærri mála, en þar er sleginn sá varnagli, að áður en mál er höfðað liggja fyrir skýlaus játning á brotinu og aðrar aðstæður, sem áður voru upp taldar í 114. gr. er dómari mátti höfða mál sjálfur.

Ekki þykir fært að heimila, að maður verði dæmdur í refsivist fjarstaddur nema áður liggja fyrir játning í dómi.

Ekki er þörf að taka fram, að ákæra má auðvitað ekki ganga lengra en játning í þessu tilfalli.

Um 30. gr.

Greinin var 26. gr. fyrra frumvarpsins. Um hana sagði í athugasemdum: „Leiðir af því, að forræði dómara flyst til lögreglu á fyrri stigum rannsóknar. Er því nauðsynlegt að leggja þá skyldu, sem nú hvílir á dómara til að benda mönnum á rétt þeirra til að koma bótakröfu að, einnig á lögreglumenn.“

Um 31. gr.

Greinin er samhljóða 27. gr. fyrra frumvarps.